

Fundargerð stjórnar SOS nr. 304

Stjórnarfundur SOS

Staður: SASS, Selfossi

Dagsetning og tími: 24. ágúst 2021 kl. 15:00.

Mætt voru: Jón G. Valgeirsson, formaður, (JGV), Ingibjörg Kjartansdóttir stjórnarmaður, Arna Ír Gunnarsdóttir, Gísli Halldór Halldórsson (GHH) ritari stjórnar og Anton Kári Halldórsson (AKH). Þá mættu Stefán Gíslason (SG) frá Environice og Bjarni Guðmundsson SASS. Gestir fundarins voru Sigurjón Vídalín Guðmundsson og Helena Sif Zóphoníasdóttir frá Geotækni.

1. Geotækni – lífrænar lausnir

Sigurjón Vídalín og Helena Sif kynntu notkun ánamaðka til úrvinnslu á lífrænum úrgangi á stórum skala.

2. Aðalfundur SOS

Árspaning SASS verður haldið 28.-29. október. Aðalfundur SOS er jafnan haldinn í tengslum við þingið. Bjarni Guðmundsson tók þátt í umræðum um tímasetningu aðalfundarins.

3. Forverkefni um hátækni sorpbrennslu

Minnisblöð vinnuhóps voru kynnt. Opinn kynningarfundur verkefnis verður haldinn á Teams á morgun, 25. ágúst.

4. Kirkjuferjuháleiga.

Úrbótáætlun var samþykkt af UST. Almennt er svæðið til mikils sóma.

5. Verkefni vegna stöðu úrgangsmála á Suðurlandi.

Stefán Gíslason gerir grein fyrir stöðu mála. Staðan er almennt góð. Umsvif Terra á starfssvæði SOS hafa minnkað töluvert að undanfögnu. Líkur eru á auknum útflutningi á sorpi til brennslu vegna lokunar á Álfsnesi. Vonir standa til að brennsla á dýraleifum hefist um mitt næsta ár.

Gert er ráð fyrir að næsti stjórnarfundur verði haldinn 21. september næstkomandi í Reykjavík.

Fundi slitið klukkan 17:00